

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 198/1983, um réttindi til að stjórna vinnuvélum, sbr. reglur nr. 24/1999.

1. gr.

Við kafla A. Frumnámskeið í 3. gr. reglnanna, eins og henni var breytt með reglum nr. 24/1999, bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Hleðslukranar, lyftigeta meiri en 8 tm, sérnámskeið.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 3. mgr. 49. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, að fengnum tillögum frá stjórn Vinnueftirlits ríkisins, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 11. desember 2002.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um óverulegar breytingar á deiliskipulagi Viðskiptaháskólans á Bifröst, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreindar breytingar á skipulagi.

Breytingin felst í að byggingarreitur fyrir kennarabústaði norðvestan við kennsluhúsnæði lengist og færist til vesturs og hús verða tveggja hæða í stað einnar.

Byggingarreitur vegna viðbyggingar kennsluhúsnæðis stækkar til norðurs jafnframt því sem bílapan sunnan megin við skólahúsnæði er stækkað.

Breytingar á deiliskipulaginu hafa fengið meðferð samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar tekur að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir vegna ofangreindra skipulagsbreytinga.

Ofangreindar breytingar á skipulaginu öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 13. desember 2002.

Sigurður P. Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.